

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 2003

27. maí 2003

483

Nr. 97

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 27. maí 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

28. maí 2003

Nr. 98

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 28. maí 2003.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

28. maí 2003

Nr. 99

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 129. löggjafarþings, frá 27. maí 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

Alþingi samþykkti hinn 27. maí 2003 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 129. löggjafarþings, frestað hinn 27. maí 2003.

Forsætisráðuneytinu, 28. maí 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 2. júní 2003.

Geir H. Haarde.

Ólafur Davíðsson.